

Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Adolfs H. Berndsens um fjarnámssetur.

Leitað hefur verið upplýsinga hjá níu símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni vegna fyrirspurnarinnar, kannaður fjöldi virkra FS-nets tenginga og byggt á öðrum fyrirbyggjandi gögnum í vörslu ráðuneytisins. Rekstur svonefndra fjarnámssetra getur verið breytilegur frá einum tíma til annars, háður staðbundinni eftirspurn og aðstæðum. Jafnframt skal tekið fram að aðstæður þar sem hægt er að stunda framhalds- og háskólanám geta verið til staðar án þess að slík starfsemi fari þar fram. Ekki hefur verið gerð tilraun til að meta aðstæður á höfuðborgarsvæðinu.

1. Í hversu mörgum og hvaða sveitarfélögum eru rekin fjarnámssetur þar sem hægt er að stunda framhalds- og háskólanám?

Aðstæður til fjarnáms á framhalds- og háskólastigi eru við allar níu símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni. Jafnframt eru skráðar FS-nets tengingar við um 30 staði víða um land. Samtals eru því a.m.k. 38 setur þar sem lágmarksaðstæður eru til að stunda framhalds- og háskólanám á landsbyggðinni. Í upphafi árs 2007 eru 27 virk námsetur á landsbyggðinni auk símenntunarmiðstöðvanna.

Á Vesturlandi eru auk Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands í Borgarnesi, fjögur námsver á Hellissandi, í Stykkishólmi, í Búðardal og á Akranesi. Á Vestfjörðum eru auk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á Ísafirði, fimm námsver á Hólmavík, Patreksfirði, Tálknafirði, Bildudal og Birkimel. Á Norðurlandi vestra eru auk Farskólans, miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra á Sauðárkróki, fjögur námsver á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd og Siglufirði. Í Eyjafirði er námsver á Dalvík auk Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar á Akureyri. Í Þingeyjarsýslum eru fimm námsver auk Þekkingarseturs Þingeyinga á Húsavík og eru þau á Þórshöfn, Raufarhöfn, Kópaskeri, að Reykjahlíð í Mývatnsveit og að Laugum. Á Austurlandi eru fimm námsver auk Þekkingarnets Austurlands á Egilsstöðum. Þau eru á Vopnafirði, í Neskaupsstað, á Fáskrúðsfirði, Djúpavogi og í Höfn. Á Suðurlandi eru fjögur námsver auk Fræðslunets Suðurlands á Selfossi. Þau eru að Flúðum, á Hvolsvelli, í Vík og á Kirkjubæjarklaustri.

2. Hversu margir hafa stundað nám í fjarnámssetrunum á árunum 2003–2006?

Ekki liggja fyrir heildstæðar eða samanburðarhæfar upplýsingar um það hversu margir hafi stundað nám í fjarnámssetrum utan símenntunarmiðstöðvanna árin 2003–2006. Hins vegar hefur menntamálaráðuneytið tekið saman upplýsingar um fjölda nemenda er stunduðu fjarnám við símenntunarmiðstöðvarnar árin 2000–2005, sjá töflu.

Fjöldi nemenda í fjarnámi við símenntunarmiðstöðvar árin 2000–2005.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi nema í símenntun	1.303	1.186	1.763	1.504	2.639	1.284
Fjöldi námskeiða	76	66	86	81	136	89
Nemendastundir í símenntun		28.456	33.214	22.480	31.153	24.606
Fjöldi nema í framhaldsskóla						
Fjöldi nema í háskólanámi	42	53	56	90	70	67

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi nema í símenntun	869	1.198	1.190	1.104	823	1.040
Fjöldi námskeiða	82	97	98	108	72	84
Nemendastundir í símenntun	28.546	24.458	29.290	26.124	18.084	22.479
Fjöldi nema í framhaldsskóla	0	0	0	0	0	0
Fjöldi nema í háskólanámi	2	5	22	48	52	39

Fræðslunet Suðurlands

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi nema í símenntun		1.595	1.175	1.154	804	1.072
Fjöldi námskeiða				43	36	43
Nemendastundir í símenntun				35.953	12.073	22.480
Fjöldi nema í framhaldsskóla		0	0	0	0	0
Fjöldi nema í háskólanámi		55	90	93	94	90

Fræðslunet Austurlands

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi nema í símenntun		657	842	1.065	837	935
Fjöldi námskeiða				150	75	96
Nemendastundir í símenntun				25.385	15.746	16.624
Fjöldi nema í framhaldsskóla				36	15	0
Fjöldi nema í háskólanámi		126	130	167	183	200

Fræðslumiðstöð Vestfjarða

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi nema í símenntun	440	650	551	895	667	794
Fjöldi námskeiða	29	36	44	49	48	58
Nemendastundir í símenntun	12.085	22.033	16.580	25.003	13.555	18.147
Fjöldi nema í framhaldsskóla	0	0	0	27	0	25
Fjöldi nema í háskólanámi		119	126	116	163	155

Fræþing

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi nema í símenntun			212	263	74	280
Fjöldi námskeiða			28	25	10	38
Nemendastundir í símenntun			3.814	4.275	1.738	14.833
Fjöldi nema í framhaldsskólan.			4	5		
Fjöldi nema í háskólanámi			12	25	24	35

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi nema í símenntun			645	1.439	1.075	837
Fjöldi námskeiða			68	112	81	102
Nemendastundir í símenntun				31.699	25.342	35.130
Fjöldi nema í framhaldsskóla				0	8	8
Fjöldi nema í háskólanámi			10	8	11	0

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi nema í símenntun	523	616	750	518	541	651
Fjöldi námskeiða			42	48	45	56
Nemendastundir í símenntun			25.748	15.928	8.913	11.243
Fjöldi nema í framhaldsskóla	0	0	0	0	0	
Fjöldi nema í háskólanámi			104	93	109	95

VISKA – Vestmannaeyjar

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi nema í símenntun				186	311	344
Fjöldi námskeiða					31	26
Nemendastundir í símenntun				11.078	7.304	2835
Fjöldi nema í framhaldsskóla				0	10	
Fjöldi nema í háskólanámi				53	73	70

3. *Liggja fyrir upplýsingar um stofn- og rekstrarkostnað sveitarfélaganna vegna fjarnámssetranna?*

Upplýsingar um stofn- og rekstrarkostnað sveitarfélaganna liggja ekki fyrir nema að takmörkuðu leyti og eru ekki samanburðarhæfar. Hins vegar má benda á að framlög ríkisins til símenntunarmiðstöðvanna vegna rekstrar og greiðslna vegna FS-nets hafa farið hækkandi undanfarin ár úr 63 millj. kr. árið 2001; í 76,5 millj. kr. árið 2002; 81 millj. kr. árið 2003; 91,8 millj. kr. árið 2004; 96,7 millj. kr. árið 2005; 100,7 millj. kr. árið 2006 og í 110 millj. kr. árið 2007.

4. *Hefur ráðuneytið uppi áform um að koma enn frekar til móts við kostnað sveitarfélaganna vegna þessa?*

Á undanförunum árum hefur ágætt samstarf tekist milli símenntunarmiðstöðvanna og menntamálaráðuneytisins. Fjárveitingar til símenntunarmiðstöðvanna hafa verið auknar og þær hafa einnig verið eflar í tengslum við samkomulag ríkisins við aðila vinnumarkaðarins. Þannig hefur t.d. starfs- og námsráðgjöf verið stórlega efla og mun enn eflast. Aðkoma sveitarfélaganna að þessu verki er afar jákvæð og vonir ráðuneytisins standa til þess að þau muni á komandi misserum sinna þessu starfi af jafnmiklum eða enn meiri áhuga en verið hefur í góðu samstarfi við ráðuneytið.